Nd. **638. Frumvarp til laga** [322. mál]

um áfengisfræðslu.

Flm.: Árni Johnsen, Ólafur Þ. Þórðarson, Sverrir Hermannsson,
Kristín Halldórsdóttir, Árni Gunnarsson.

1. gr.

Markmið laga þessara er að byggja upp skipulega áfengisvarnafræðslu til þess að draga úr því heilsutjóni sem misnotkun áfengis veldur.

2. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipar þriggja manna nefnd, áfengisfræðslunefnd, til fjögurra ára í senn. Í nefndinni eiga sæti menn sérfróðir um vandamál sem stafa af áfengisneyslu. Ráðherra skipar einn nefndarmann formann. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti:

Hlutverk áfengisfræðslunefndar er fyrst og fremst:

1. Að gera tillögur til stjórnvalda um ráðstafanir til þess að spyrna við misnotkun áfengis.
2. Að veita aðstoð og leiðbeiningar varðandi áfengisfræðslu, m.a. með útgáfu fræðslurita og annnarra fræðslugagna.
3. Að dreifa upplýsingum um skaðsemi af misnotkun áfengis.
4. Að vinna í nánu samstarfi við áfengisvarnaráð og aðra þá sem starfa á þessum vettvangi.
5. Að gera tillögur til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um ráðstöfun fjár samkvæmt 3. gr.

3. gr.

Skylt er að verja 2 prómillum af brúttósölu áfengis til áfenigsvarnafræðslu.

4. gr.

Ráðherra setur í reglugerð, að fengnum tillögum áfengisfræðslunefndar, nánari ákvæði um framkvæmd áfengisfræðslunnar.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ríkisstjórnin skal vinna að endurskoðun áfengislaga, nr. 82/1969, með síðari breytingum, varðandi áfengisvarnir með það fyrir augum að sett verði sérstök lög um vímuefnavarnir á svipaðan hátt og gert hefur verið um tóbaksvarnir. Endurskoðuninni skal lokið fyrir 1. janúar 1989.

Greinargerð.

Eins og flestum er kunnugt hefur áfengisneysla aukist verulega á síðustu árum hér á landi. Að sama skapi hafa skaðleg áhrif neyslunnar aukist, enda hefur lítið verið gert til þessa að sporna við skaðlegum áhrifum með forvarnarstarfi þar sem lítið fé hefur verið veitt til slíkrar starfsemi. Nánast öll viðleitni samfélagsins til hjálpar hefur miðast við að veita áfengissjúklingum meðferð og ýmiss konar aðstoð eftir á. Er mál sérfróðra aðila að allvel sé að þessum þáttum staðið í dag og ber að fagna því. Miklu minna hefur verið gert í því að reyna að sporna við því að menn ánetjist áfengi, fyrst og fremst vegna þess að skilning hefur skort á því að til þess þurfi fjármuni. Einnig hefur töluvert skort á að áfengisvarnafræðslan væri nægjanlega skipuleg og markviss. Nægir þar að nefna áfengisvarnafræðslu í skólum sem varla hefur staðið undir nafni þrátt fyrir ýmiss konar opinberar reglur þar að lútandi. Er því kominn tími til að áherslum verði breytt og að meira verði lagt upp úr forvarnarstarfi en gert hefur verið m.a. til þess að ná fram þeim markmiðum sem Alþjóðaheilbrigðisstofnunin vinnur að og mælt er fyrir um í íslenskri heilbrigðisáætlun sem lögð var fram á síðasta þingi og verður væntanlega lögð fram á nýjan leik innan tíðar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Það eru engin ný sannindi að misnotkun áfengis er eitt mesta þjóðfélagsböl sem Íslendingar búa við. Gildir það bæði um áfengi sem sjúkdómsvald og ekki síður um áfengi sem félagslegt vandamál. Allt of lítið hefur verið reynt til þess að sporna við misnotkun áfengis, miklu frekar er reynt að bæta orðinn skaða. Betra er heilt en gróið og er því fyllsta ástæða til þess að ryðja nýjar brautir í áfengisvarnarfræðslu sem því aðeins er mögulegt að til starfsins verði varið verulegum fjárhæðum skv. 3. gr. frumvarpsins.

Um 2. gr.

Lagt er til að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipi sérstaka nefnd, áfengisfræðslunefnd, sem hafi það að hlutverki að beita sér fyrir áfengisvarnafræðslu og öðru er henni tengjast samkvæmt frumvarpinu, t.d. ráðstöfun fjár til fræðslunnar. Nefndinni er ætlað að hafa náið samstarf við áfengisvarnaráð í öllu starfi sínu svo og aðra aðila er á þessu sviði vinna, t.d. SÁÁ.

Um 3. gr.

Lagt er til að varið verði til áfengisvarnastarfsins 2o/oo af brúttósölu áfengis. Er þetta ákvæði hliðstætt og ákvæði 15. gr. laga nr. 74/1984, um tóbaksvarnir. Um framkvæmdina mundi gilda hið sama en hún hefur gengið snuðrulaust fyrir sig.

Brúttótekjur af áfengi voru á árinu 1984, 1985 og 1986:

1984	1 408 541 milljarður
1985	2 108 934 milljarðar
1986	2 653 660 milljarðar

Má reikna með að sambærilegar tölur frá 1987 séu um 3 milljarðar sem yrðu 5–6 milljónir króna á ári til áfengisvarnafræðslu.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Hér er lagt til að ríkisstjórnin láti vinna sérstakt frumvarp til laga um varnir gegn vímuefnum í stað þess að fela ákvæði um áfengisvarnir í lögum um framleiðslu, dreifingu og sölu áfengis eins og gert er í dag. Samkvæmt þessu er lögð til sama skipan og varðandi tóbaksvarnir. Fyllsta ástæða er til að taka til fleiri þætti en áfengi þar sem áfengi er aðeins einn hluti þeirra vímuefna sem notuð eru, að vísu sá langalgengasti. Flestir aðilar virðast sammála um að beita þurfi sömu aðferðum við varnarstarfið og er því óraunhæft að taka frekar á einum þætti en öðrum.

Rétt er að benda á að mikið verk hefur þegar verið unnið á þessum vettvangi ekki síst á vegum stjórnskipaðrar nefndar um áfengismál sem skilaði tillögum fyrir rúmu ári. Er kominn tími til að ríkisstjórnin taki afstöðu til tillagnanna og marki stefnu í þessum málum í heild.